

Fimmtudaginn 7. maí 1992.

Nr. 194/1992. **Sigríður Ragnarsdóttir**

gegn

**Umboðs- og heildverslun**

**Björns Arnórssonar.**

Kærumál. Þinglýsing. Fjárnám. Bifreiðaskrá.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 31. mars 1992 skotið til Hæstaréttar úrlausn þinglýsingardómarans í Kópavogi frá 27. s.m. Kæruheimild er í 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Kæran barst Hæstarétti 29. apríl sl.

Sóknaraðili krefst þess, að afmáð verði úr veðbókum þinglýst fjárnámssgerð í fógetaréttarmálinu Umboðs- og heildverslun Björns Arnórssonar gegn Byggingafélaginu hf., sem framkvæmd var þann 13. október 1988 í bifreiðinni Y-16594.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

### **I.**

Tildrög kærumálsins eru þau, að 13. október 1988 var að kröfu Umboðs- og heildverslunar Björns Arnórssonar gert fjárnám í bifreiðinni Y-16594 (IM-710) til tryggingar greiðslu á skuld Byggingafélagsins hf. samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu, að fjárhæð 106.137,50 krónur, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Fjárnámi þessu var þinglýst athugasemdalaust hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi 21. sama mánaðar. Hinn 7. janúar 1991 krafðist fjárnámshafi nauðungaruppboðs á bifreiðinni á grundvelli fjárnámsins. Uppboðspoli (sóknaraðili í kærumálinu) krafðist þess, að synjað yrði uppboðs á bifreiðinni, þar sem hún hefði verið orðin eigandi bifreiðarinnar, þegar fjárnámið var gert.

Hinn 30. október var kveðinn upp úrskurður í uppboðsrétti Kópavogs um ágreining þenna. Í úrskurðinum segir m.a. svo:

„Uppboðspoli kveður málavexti vera þá að hún hafi eignast bifreiðina með afsali dagsettu 27. júlí 1988. Tilkynning um eigendaskiptin hafi verið afhent á skrifstofu bæjarfógeta í Kópavogi þann

11. ágúst s. á. og greitt hafi verið fyrir skráninguna með tékka. Einnig hafi verið greidd bifreiðagjöld sem þá voru fallin í gjalddaga. Uppboðspoli heldur því fram að fjárnám, sem gert var í bifreiðinni þann 13. október s.á., sé henni óviðkomandi og óskuldbindandi fyrir hana. Fjárnámið hafi farið fram löngu eftir að hún hafði afhent réttum aðila tilkynningu um eigendaskiptin. Réttur uppboðspola gangi framur fjárnáminu enda miði réttarvernd eignarheimildar við það tímamark sem hún er tilgreind í bifreiðaskrá. Þótt láðst hafi að færa eignarheimildina inn í bifreiðaskrána breyti það ekki réttarvernd uppboðspola sem hún telur sig njóta frá þeim tíma er tilkynning er móttækin.

Uppboðsbeiðandi mótmælir því að uppboðspoli hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar þann 13. október 1988 þegar fjárnámið var gert enda hafi dómveði þessu verið þinglýst athugasemdalaut. Uppboðspoli hafi hvorki fært sönnur á að hún hafi verið eigandi bifreiðarinnar samkvæmt bifreiðaskrá né hafi hún vefengt að Byggingafélagið h.f. hafi þann 13. október 1988 verið skráð eigandi bifreiðarinnar. Þá hafi uppboðspoli ekki heldur fært sönnur á það hvenær sölutilkynning var afhent til skráningar, en gögnum, sem uppboðspoli hefur lagt fram þessu til sönnunar, hefur uppboðsbeiðandi mótmælt sem óstaðfestum og málinu óviðkomandi. Afsal Byggingafélagsins hf. fyrir bifreiðinni telur uppboðsbeiðandi óstaðfest sem segi ekki til um skráningu á bifreiðinni. Tékkinn, sem uppboðspoli hefur lagt fram sem sönnunargagn fyrir greiðslu á skráningu, sé dagsettur einum degi eftir að uppboðspoli telji sig hafa greitt fyrir skráninguna. Þá hefur uppboðsbeiðandi mótmælt því að kvittun fyrir skráningu á eigendaskiptum varði bifreiðina Y-16594 enda komi það ekki fram á kvittuninni sjálfri. Uppboðsbeiðandi byggir enn fremur rétt sinn á því að fjárnámsgerðin sé fullgild uppboðsheimild, henni hafi ekki verið áfrýjað og engin krafa komið fram um að hún verði afmáð úr veðmálabókum.

#### *Niðurstöður.*

Uppboðsbeiðandi telur að þar sem uppboðspoli hafi ekki verið skráður eigandi bifreiðarinnar samkvæmt bifreiðaskrá, er fjárnámið fór fram, verði réttur hennar að víkja fyrir rétti uppboðsbeiðanda.

Ekki kemur fram í gögnum málsins hvenær skráning á eignar-

heimild uppboðspola fór fram í bifreiðaskrá og verður því að telja ósannað hver hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar samkvæmt bifreiðaskrá er uppboðsbeiðandi lét gera fjárnám í bifreiðinni þann 13. október 1988. Hins vegar þykja gögn málsins gefa til kynna að bifreiðaskrá gæti hafa veitt rangar upplýsingar um hver hafi þá verið eigandi bifreiðarinnar.

Samkvæmt skoðunarvottorði bifreiðarinnar Y-16594 hefur uppboðspoli verið skráður eigandi bifreiðarinnar þann 11. ágúst 1988. Í vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf., dags. 10. júní 1991, á dskj. nr. 15, kemur fram að eigendaskiptin hafa verið skráð í ökutækjaskrá hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins en samkvæmt vottorðinu finnst dagsetning færslunnar ekki í gögnum Bifreiðaskoðunar. Í vottorðinu kemur fram að afgreiðsludagur hafi verið skráður 11. ágúst 1988 en þann dag hafi tilkynning um eigendaskiptin verið lögð inn hjá bæjarfógeta. Ljósrit af kvittun fyrir skráningargjöldum á dskj. nr. 6 þykir enn fremur styðja að svo hafi verið.

Telja verður sannað með vísan til þess sem hér að framan er rakið að uppboðspoli hafi tilkynnt eigendaskiptin til bæjarfógetaembættisins í Kópavogi þann 11. ágúst 1988 sem tók við tilkynningunni og framsendi hana Bifreiðaeftirliti ríkisins. Þykir sú aðferð hafa verið í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 269/1988 sem þá var í gildi. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að gengið hafi verið frá eignayfirfærslunni eða sölutilkynningunni á ófullnægjandi hátt. Samkvæmt þessu verður að telja uppboðspola réttan eiganda bifreiðarinnar Y-16594 þann 13. október 1988 og þarf uppboðspoli því ekki að sæta því að uppboðið náí fram að ganga.“

Þinglýsingardómari í máli þessu, Árni Múli Jónasson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, ritaði hina kærðu úrlausn og tilkynnti sóknaraðila hana með ábyrgðarbréfi 27. mars 1992. Þinglýsingardómarinn hefur sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrlausninni, sbr. 3. gr. laga nr. 39/1978. Þar segir m. a. svo:

„Þann 4. febrúar 1992 ritaði Guðmundur Jónsson hrl. bæjarfógetaembættinu í Kópavogi bréf, þar sem hann krafðist þess fyrir hönd Sigríðar Ragnarsdóttur, að þinglýst fjárnámserð Umboðs- og heildverslunar Björns Arnórssonar í bifreiðinni Y-16594 yrði afmáð úr þinglýsingabókum....

Þinglýsingardómari í Kópavogi gaf nú aðilum kost á að tjá sig um framangreinda kröfu. Í bréfi Atla Gíslasonar hrl., lögmanns Umboðs- og heildverslunar Björns Arnórssonar, dags. 9. mars 1992, kom fram að umbjóðandi hans væri ekki tilbúinn að samþykkja að umrætt fjárnám yrði afmáð úr þinglýsingabókum....

Guðmundur Jónsson hrl. ítrekaði fyrri kröfur sínar í bréfi dags. 18. mars 1992....“

Þinglýsingardómari rökstyður úrlausn sína þannig: „Kærandi telur að heimild til að afmá fjárnámssgerðina sé að finna í 27. gr. laga nr. 39 frá 1978, sbr. greinargerð með kæru hans. Þinglýsingardómari lítur svo á að þegar metið er hvort fjárnámið verði afmáð úr þinglýsingabókum á grundvelli þeirrar greinar beri að líta til reglu þeirrar sem fram kemur í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 39 frá 1978 sem í gildi var þegar fjárnáminu var þinglýst en í núgildandi lögum er sömu efnisreglu að finna í 7. gr. laga nr. 63 frá 1988. Þessi regla kveður á um að þegar þinglýst er skjölum er varða bifreiðar sé rétt að leggja til grundvallar þá eignarheimild sem bifreiðaskrá greinir. Umræddri fjárnámssgerð var þinglýst athugasemdalaust. Niðurstöður úrskurðar uppboðsréttar Kópavogs frá 30. október 1991 verða ekki túlkadar svo að uppboðsréttur telji sannað að kærandi hafi haft eignarheimild á bifreiðinni Y-16594, samkvæmt bifreiðaskrá, þegar umræddri fjárnámssgerð var þinglýst þann 21. október 1988. Það verður því að teljast ósannað, enda hefur kærandi ekki fært fram gögn eða rök sem hnekkja þeirri niðurstöðu. Þinglýsingardómari telur því ósannað að færsla umræddrar fjárnámssgerðar í þinglýsingabók hafi verið röng eða mistök hafi orðið við þinglýsinguna ella í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga nr. 39 frá 1978, sé hliðsjón höfð af fyrrgreindri reglu í 2. mgr. 43. gr. sömu laga (7. gr. laga nr. 63 frá 1988 í núgildandi lögum) og verði fjárnámssgerðin því ekki afmáð úr þinglýsingabókum á grundvelli 27. gr. laga nr. 39 frá 1978.

Þinglýsingardómari telur ekki efni til að afmá fjárnámssgerðina úr þinglýsingabókum á grundvelli 1. mgr. 39. gr. laga nr. 39 frá 1978 gegn andmælum fjárnámshafa, enda byggir ákvæðið á því að aflýsingu eignarhafta á grundvelli þess verði ekki við komið án frumkvæðis rétthafa, sbr. greinargerð með 39. gr. laga nr. 39 frá 1978.

Í bréfum Atla Gíslasonar hrl. f.h. kærða, dags. 9. mars 1992, og Guðmundar Jónssonar hrl. f.h. kæranda, dags. 18. mars 1992, og í greinargerð kæranda kemur fram að aðila greinir á um hvort kærði hafi af því lögvarða hagsmuni að fjárnámið hvíli áfram á bifreiðinni eftir að synjað hefur verið um uppboð á grundvelli þess, sbr. úrskurð uppboðsréttar Kópavogs frá 30. október 1991. Úrlausn þess ágreinings hlýtur að byggjast á efnislegu mati á réttindum aðila. Þinglýsingardómari telur slíkt mat ekki heyra undir sig og beri því að vísa því ágreiningsefni frá þinglýsingardómi, sbr. 68. gr. 1. nr. 85 frá 1936.

Af framangreindum ástæðum hafnaði þinglýsingardómari kröfu kæranda um afmáningu fjárnámsgerðar frá 13. október 1988 í bifreiðinni Y-16594 úr þinglýsingabókum.“

## II.

Réttindi sóknaraðila samkvæmt kaupsamningi við Bygginga-félagið hf. og réttindi veðhafa samkvæmt fjárnámi 13. október 1988 eru ósamrýmanleg. Niðurstaða uppboðsréttar Kópavogs 30. október 1991 um synjun á framgangi uppboðs á bifreið sóknaraðila byggðist á því, að fjárnámsgerð varnaraðila yrði að víkja fyrir afsali sóknaraðila, sem tilkynnt hefði verið skráningaryfirvöldum bifreiða á fullnægjandi hátt, áður en fjárnáminu var þinglýst.

Úrskurði uppboðsréttar Kópavogs hefur ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar. Áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð er liðinn. Stendur úrskurðurinn því óhaggaður.

Með úrskurðinum var skorið úr um réttarágreiningu aðila, og má að því leyti jafna úrskurðinum við dómsúrlausn í almennu einkamáli.

Að fengnum úrskurði uppboðsréttar Kópavogs mátti sóknaraðili krefjast aflýsingar á hinu þinglýsta dómveði á grundvelli 1. mgr. 39. gr. þinglýsingalaga, samanber 46. gr. sömu laga.

Telja verður, að í kröfu sóknaraðila um, að fjárnámsgerðin verði afmáð úr þinglýsingabókum með vísan til úrskurðar uppboðsréttar, felist í raun krafa um aflýsingu fjárnámsins. Eins og atvikum er háttað, ber að leggja fyrir þinglýsingardómarann í Kópavogi að aflýsa hinu þinglýsta fjárnámi varnaraðila í bifreiðinni Y-16594.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

## D ó m s o r ð:

Aflýsa skal framangreindu þinglýstu fjárnámi varnaraðila,  
Umboðs- og heildverslunar Björns Arnórssonar, í bifreiðinni  
Y-16594 (IM-710).

---